FLUG YFIR FRIÐLÝST SVÆÐI OG VARPSVÆÐI FUGLA

Tekið saman af Samgöngustofu í samráði við Umhverfissofnun

Ljósmynd Shutterstock

Helstu atriði:

Hefur flugið þitt áhrif á lífshagi fugla og dýra?

Flug þitt getur haft áhrif á lífshagi fugla og dýra sem og á upplifun fólks af náttúru landsins. Hafðu það í huga næst þegar þú skipuleggur og framkvæmir flug.

Þegar varptími fugla stendur sem hæst þarf að sýna sérstaka aðgát þannig að ekki hljótist truflun af á þekktum varpsvæðum, t.d. í nágrenni við fuglabjörg. Þetta er mikilvægt, bæði til að tryggja öryggi flugs og koma í veg fyrir skaða eða truflun á dýralífi.

Samgöngustofa og Umhverfisstofnun vilja vekja athygli flugmanna á mikilvægi þess að virða lágmarkshæðir í hvívetna. Með því að virða flugreglur og sýna tillitsemi þá skapast jákvæð ímynd flugs og öryggi er tryggt með sem bestum hætti.

Helstur reglur og upplýsingar um friðlýst svæði og varpsvæði fugla:

1. Óheimilt er að fljúga flugvélum að óþörfu í grennd við fuglabjörg sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
2. Aðgát skal höfð í nánd við varplönd fugla skv. 4. mgr. 17. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
3. Auk laga og reglugerða er mælt fyrir um reglur á friðlýstum svæðum í friðlýsingarskilmálum á hverju svæði fyrir sig. Sérreglur um umferð á friðlýstu svæði, þ.m.t. flug, eru einnig oft í stjórnunar- og verndaráætlun viðkomandi svæðis. Sjá nánar hér á vef ust.is.

Framhald á baksíðu

05/2019

Samgöngustofa

FLUG YFIR FRIÐLÝST SVÆÐI OG VARPSVÆÐI FUGLA

Tekið saman af Samgöngustofu í samráði við Umhverfissofnun

Ljósmynd emm.is

Framhald af síðu 1:

4. Í mörgum þeirra kemur fram að óheimilt sé að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði.

Dæmi:

Dyrhólaey: Auglýsing nr. 101/1978 í B-deild Stjórnartíðinda.
Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði.

Surtsey: Auglýsing nr. 50/2006 um friðland í Surtsey 6. gr.
Óheimilt er að spilla gróðri, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúruminjum í friðlandinu.

Þjórsárver: Auglýsing nr. 507/1987 um friðland í Þjórsárverum. Þar er óheimilt að fljúga neðan 5000 feta hæðar yfir sjávarmáli utan jökuls á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

5. Hér má finna ítarlegar upplýsingar um öll friðlýst svæði og reglur þar um á vef Umhverfisstofnunar (sjá einnig tengingu inn á kort hér neðst á síðunni).

6. Hér má finna upplýsingar varðandi friðlýst æðavörp.

7. Vakin er athygli á að í flugmálahandbók, sem finna má á heimasíðu Samgöngustofu, eru ítarlegar upplýsingar sem flugmönnum er skylt að kynna sér, sjá kafla ENR 5.6 „Farfuglar og svæði með viðkvæmu dýralífi."

8. Flugmenn eru einnig hvattir til að afla sér upplýsinga hjá Umhverfisstofnun um friðlýst og viðkvæm svæði en hér er kort sem sýnir þau svæði.

Mynd á vef Umhverfisstofnunar